

3. Sigvaldi Þorsteinsson, kaupmaður á Akureyri, rekur hjer eftir verslun á Akureyri undir nafniðu »Verslunin París« (Sigvaldi Þorsteinsson) með ótakmarkaðri ábyrgð. **135**

Akureyri, 27. maí 1913.

Firmað ritar Sigvaldi Þorsteinsson þannig:

»Verslunin París«

Sigv. Þorsteinsson.

VII. Norður-Múlasýsla.

Kaupmennirnir Sigurður Jónsson, Stefán Th. Jónsson og Þórarinn Guðmundsson tilkynna, að firmað Helgi Björnsson & Co., sem rak verslun á Bakkagerði í Borgarfirði, sje hætt að fullu og öllu allri starfsemi sinni.

VIII. Arnessýsla.

Firmað »Hlutfjelagið Þorlákshöfn« rekur hverskonar atvinnu, svo sem aðallega hafnarbætur og iðnað, í Þorlákshöfn í Ölfushreppi í Arnessýslu. Lög fjelagsins eru dagsett 5. ágúst 1913. Stjórn fjelagsins skipa kaupmennirnir Pjetur J. Thorsteinsson í Reykjavík, Ólafur Árnason á Stokkseyri og Þorleifur Guðmundsson frá Háeyri. Pjetur J. Thorsteinsson er formaður, en Þorleifur Guðmundsson framkvæmdarstjóri. Formaður og annarhvor hinna stjórnendanna rita firmað. Hlutfjeð er 80,000 kr., og er því skift í 1000 kr., 500 kr., 200 kr. og 100 kr. hluti. Hlutabrjefin eru handhafbrjef. Hlutfjeð er greitt að fullu. Auglýsingar um aðalfund verða birtar í Lögbirtingablaðinu.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H/f Þorlákshöfn

P. J. Thorsteinsson. Ólafur Árnason.

eða

H/f Þorlákshöfn

P. J. Thorsteinsson.

Þorl. Guðmundsson.


Auglýsing

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið 1913.

Skrás. 1913 nr. 1.

Tilkynnt 4. apríl 1913, kl. 12 á háð., af hlutfjelaginu: Sirius, Frihavns Chocoladefabrik, súkkulaði- og »konfekt«-gerð o. þ. u. l. í Kaupmannahöfn, og skrásett 8. s. m.




Lýsing á merkinu: Stjarna með sex oddum, sem geislar stafa út frá. Í miðju stjörnunnar er hringur, og innan þess hrings er önnur sexydd stjarna, og utan um hana skráð: SIRIUS - KJÖBENHAVN.

Merkið er skrásett í Kaupmannahöfn 13. jan. 1896, samkv. tilk. dags. 6. s. m., og sú skrásetning endurnýjuð 13. jan. 1906.

Skrás. 1913 nr. 2.

Tilkynnt 2. septbr. 1913, kl. 11¹/₂ árd., af Norsk Hydro-elektrisk Kvælstofaktieselskab, versniðjurekstur, Notodden, Noregi, og skrásett 4. s. m.



Lýsing á merkinu: Vikingaskip með dregið segl við hún og merki á stöng skriður fyrir hægum byr fram með landi. Skipið er skarað skjöldum milli stafna, og skipað hermönnum.

Merkið, sem áður er skrásett í Kristianiu, samkv. tilk., dags. 21. okt. 1912, er hjer skrásett fyrir efnafræðislegar afurðir.

Skrás. 1913 nr. 3.

Tilkynnt 25. október 1913, kl. 4 sídd., af Joseph Natan & Co. Limited, verksmiðjurekstur og verslun, (88 Gracechurchstreet) London, Englandi, og skrásett 27. s. m.

GLAXO

Lýsing á merkinu: Orðið: GLAXO, sem er sjerstaklega tilbúið heiti, er nota á sem einkenni á matvælum og næringarefnum.

Merkið er skrásett í London, 42. flokki, fyrir ofangreindar vörutegundir, samkv. tilk., dags. 27. okt. 1906.

Skrifstofu vörunmerkjaskráritarans, 31. des. 1913.